

# FUNDARGERÐ

Stjórnar foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness, sem fram fór miðvikudaginn 18. nóvember 2015 kl. 20:00, á Mímisbar Hótel Sögu.

**Mættir f.h. stjórnar foreldrafélags grunnskólans:** Svana M. Davíðsdóttir, formaður, Sonja Bergmann, Gardar Gíslason, Guðrún Karlsdóttir, Ólafía Harðardóttir, Davíð Sch. og Helga Sverrisdóttir.

**Fjarverandi:** Hervör Pálsdóttir, Katrín Magnúsdóttir,

**Fundarstjóri:** Svana Davíðsdóttir, formaður.

**Fundarritari:** Ólafía Harðardóttir.

## 1. Skólaráðsfundur

- Rætt um eftirlitsskýrslu á leiksvæðum. Bæjaryfirvöld munu laga útistandandi atriði. Bæjaryfirvöld stefna einnig á að koma á rafrænni slysaskráningu.
- Bæta þarf lýsingu á milli Való og Mýró og út í sundlaug.
- Vantar endurskinsmerki.
- Sjálfsmatsskýrsla grunnskólans komin á netið. Könnun um líðan ofl.
- Niðurstöður samræmdra prófa. Jákvæðar niðurstöður hjá 10. bekk.
- Skjólíð. Rætt um aðstöðuleysi. Foreldrafélagið ætlar að funda með Rut. Svana mun panta tíma
- Upplýsingamiðlun frá skóla til foreldra er ábótavant.
- Rætt um hvort foreldrafélagið hafi áhuga á að standa fyrir bókakynningu eða öðrum viðburði þar sem laufabrauðið var felld niður. Við munum athuga áhuga á bókakynningu til grunnskólans á skólatíma. Guðrún ætlar að sjá um það. Bókakynning felst í að fá rithöfunda til að lesa upp úr bókum sínum eða jafnvel foreldra/nemendur.

## 2. Jólasveinn og nammipoki

- Foreldrafélagið hefur séð um að bjóða uppá nammipoka og jólasvein á jólaballi í Mýrarhúsaskóla. Ólafía sér um að panta það sem þarf.

## 3. Fyrirlestraröð

- Áhugi á að halda áfram með fyrirlestraröð sem var í fyrra á vegum bæjarins og ýmissa stofnana.
- Foreldrafélagið hefur áhuga á fyrirlestrum um jákvæð samskipti, mindfulness og eineltismál.

## 4. Fyrsti fundur með starfshóp um jákvæð samskipti 19. nóvember

- Starfshópurinn er á vegum foreldrafélagsins og Sonja leiðir starfið fyrir hönd foreldrafélagsins.

- Hópurinn er samsettur af foreldrum, nemendum, kennurum, skólastjórnendum, starfsfólki Tónlistarskóla, fræðslufulltrúa Seltjarnarnes og starfsfólki Gróttu.
- Hlutverk hópsins er að finna leiðir til að fá nemendur skólans, foreldra, skólastjórnendur og aðra sem vinna með börnunum til að vera meðvitaðir um mikilvægi jákvæðra samskipta. Markmið hópsins er að finna lausnir vegna vanda varðandi ljótt orðbragð og neikvæða hegðun barna innan skólans og í tómsundum.

#### 5. Matarmálin – samstarfs við LS

- Fyrirspurn hefur borist frá foreldrarráði leikskólans um samstarf vegna gagnrýni á matarúttekt á leikskóla og grunnskóla.
- Óskað hefur verið eftir upplýsingum og rökum frá foreldrarráði leikskólans og þá verður málið skoðað frekar

#### 6. Bekkjafulltrúar –Vinahópar

- Virðist ganga vel að koma vinahópum af stað. Ekki komið af stað í öðrum 5. bekk en það stendur til á næstunni.

#### 7. Eftirfylgni með fyrirspurn félagsins um stöðu byrjendalæsis mála

- Ítrekunarbréf hefur verið sent á skólastjórnendur.

#### 8. Litlu snillingarnir

- Ákveðið að skoða stöðu foreldrafélagsins í vor og hvort geta sé til að styrkja starfið.

#### 9. Staða á innheimtu árgjalds

- Þann 18.11.2015 var innheimtuhlutfallið 86%. Enn eiga 54 foreldrar eftir að greiða fyrir 84 börn. Sendur verður ítrekunarpóstur á viðkomandi foreldra.

##### Samantekt miðað við 18.11.2015:

Útsendir greiðsluseðlar	996.000
Fjöldi barna	500
Greitt 18.11.2015	852.000
Hlutfall	86%
Fjöldi foreldra sem hafa ekki greitt	54
Fjöldi barna sem hafa ekki greitt	84

#### 10. Vinnuhópur foreldra um eflingu samstarfs milli leikskóla og grunnskóla

- Sett á bið. Ákveðið að einblína á vinnuhóp um jákvæð samskipti nú.

#### 11. Önnur mál

Fundi lokið 22:00